

**Sp.**

**980. Nefndarálit**

[335. mál]

um till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Atvinnumálanefnd hefur m. a. fengið til fundar við sig um þetta mál forsvarsmenn Kísilmálmvinnslunnar hf. og lögð hefur verið fram í nefndinni greinargerð um arðsemisreikninga sem unnir hafa verið af stjórn Kísilmálmvinnslunnar.

Af þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð, er ljóst að mikið hefur verið unnið í fyrirtækinu við að kanna rekstrargrundvöll þess og ýmislegt bendir til þess að fyrirtæki þetta geti reynst arðvænlegt þó að um markaðsmál, eignaraðild og orkuverð ríki vissulega nokkur óvissa á þessu stigi málsins. Jafnframt hefur verið upplýst að í gangi séu samningaumleitanið við erlenda aðila um hlutdeild í fyrirtækinu.

Ljóst er að næsta verkefni, sem liggur fyrir, er að ganga úr skugga um samstarfsvilja hinna erlendu aðila og ljúka samningum við þá, eða innlenda aðila, enda náist viðunandi samningar sem staðfestir verði af Alþingi, — svo og að markaðsmál verði athuguð betur og hvernig að þeim verði staðið.

Minni hl. nefndarinnar leggur áherslu á að að þessu verki verði unnið einmitt nú og vill með breytingartillögu sinni ítreka þetta, og að samningar um eignaraðild verði lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar. Að staðfestum slíkum samningum er fyrst komið að því að taka ákvarðanir um að hefja byggingu verksmiðjunnar, og því ekki um verulega fjárförf að ræða fyrr en þá.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er verulegur og eðlilegt og rétt að lokaákvörðun Alþingis í málinu varðandi fjárframlög ríkisins, ríkisábyrgð á lánum og ákvörðun um framkvæmdir sé tekin þegar endanleg mynd liggur fyrir, í formi samnings við aðra eignaraðila, og greinargerð um markaðsmálin.

Minni hl. álitur að áður en Alþingi samþykkir að reisa verksmiðjuna verði þessir þættir að liggja ljósir fyrir og það sé bæði óeðlilegt og óvarlegt af Alþingi að taka ákvörðun um að heimila framkvæmdir og opna fyrir heimildarákvæði í lögum þar að lútandi, svo og heimild um 200 millj. kr. hlutafé frá ríkissjóði og ríkisábyrgð fyrir 300 millj. kr. láni, áður en gerð hefur verið fullnægjandi grein fyrir þessum þáttum á Alþingi.

Minni hl. telur að málsmeðferð sú, sem lögð er til í breytingartillögu hans, sé eðlileg og tefji ekki fyrir framkvæmdum því að upplýst hefur verið í nefndinni að engar líkur séu á að þær hefjist fyrr en á næsta ári. Breytingartillagan miðar að því að þessi vinnubrögð verði viðhöfð og málinu þannig komið á eðlilega braut. Segja má því að þessi þingsályktunartilaga, sem flutt er af iðnaðarráðherra, sé óþörf og óeðlileg á þessu stigi málsins.

Tekið skal fram að hér eru ekki túlkuð sjónarmið annarra þingmanna Alþýðuflokksins í þessu máli.

Alþingi, 16. maí 1984.

Jóhanna Sigurðardóttir.